

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1939.

*Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 1. febrúar 1939, nr. 6.*

*Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 4. marz 1939, nr. 7.*

*Samningur milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku um pósthöggglaviðskipti, undirskrifaður af atvinnu- og samgöngumálaráðherra 4. marz 1939, nr. 8.*

*Reglugerð fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 12. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 122 27. des. 1935, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands, til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, undirskrifuð af fjármálaráðherra 4. apríl 1939, nr. 9.*

*Lög um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, undirskrifuð af konungi 4. apríl 1939, nr. 10.*

*Auglýsing um breyting um stundarsakir á allrahæstum úrskurði 29. desember 1934, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra 18. apríl 1939, nr. 11.*

*Konungsbréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifað af konungi 22. apríl 1939, nr. 12.*

*Lög um breyting á lögum um verðlag á vörum nr. 70 31. desember 1937, undirskrifuð af konungi 29. apríl 1939, nr. 13.*

*Lög um varnir gegn útbreiðslu garnaveikinnar (Johnesveiki), útrýmingu hennar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni, undirskrifuð af konungi 15. maí 1939, nr. 14.*

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 3 9. janúar 1935, um verkamannabústaði, undirskrifuð af konungi 27. maí 1939, nr. 15.*

### Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Dalasýslu, um flutning þingstaðar. 38

2. maí

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 17. f. m., og eftir beiðni hreppsnefndarinnar í Laxárdalshreppi í Dalasýslu veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður Laxárdalshrepps verði fluttur frá Búðardal í ungmennafélagshúsið Sólvangur, er stendur í landi jarðarinnar Fjós, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

### Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Árnes-sýslu, um flutning þingstaðar. 39

12. maí

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 18. nóvember s.l., og samþykkt sýslufundar Árnessýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður Gnúpverjahrepps verði fluttur frá Stóra-Núpi í samkomuhús